

Fundur í fræðslunefnd Langesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn 20. mars 2013 og hófst kl 16:00

Mættir: Siggeir Stefánsson, Bylgja Sigurbjörnsdóttir, Jóhanna Thorsteinsson, Kristinn Lárusson, Ólöf Arnmundsdóttir, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, María Guðmundsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Axel Jóhannesson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Siggeir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði (GB)

- Ingvar kom í febrúar og nú er verið að vinna skýrslu um opnu vinnustofurnar í skólanum á Bakkafirði. Mun birtast á Netlu.
- Nemendur tóku þátt í upplestrarkeppninni á Raufarhöfn um daginn.
- Nemendur fóru á frjálsíþróttamót á Laugum.
- Nemendur eru að æfa leikrit sem verður sýnt föstudaginn 26. apríl n.k.
- Skólastjórnendur í Lundi, á Raufarhöfn, Svalbarði, Bakkafirði og Þórshöfn héldu fund sem María sótti. Stefnt á að funda aftur á Raufarhöfn 11. apríl.
- Búið að vera frí í tónlistarskólanum síðustu 2 fimmtudaga.
- Búið að kaupa tölvu í GB. Móðurtölvan var að hrynja. Keyptur flakkari til að afrita gögn á.
- Tóku þátt í starfsdeginum með Norðurþingi. Rætt um hvernig sá dagur tókst til.
- Almennt gengur skólastarfið vel. Rætt um námsmatið og hvernig það er að reynast.
- GB er að skipuleggja ferðalag til Hríseyjar í vor.

Skýrsla skólastjóra leikskólans Barnabóls

- Lagt til að sumarlokun leikskólans verður 24. júní til 30. júlí. Þetta er lokun í 5 vikur.
- Foreldraviðtöl í gangi
- Leikskólastjóri tók þátt í Norðurþingsdeginum.
- Biðlisti á leikskólann var ræddur. Fræðslunefnd beinir því til sveitarstjórnar Langesbyggðar að auglýsa eftir dagmömmu á Þórshöfn til að leysa brýnustu þörfina fyrir dagvistun ungra barna. María telur að það þurfi líka að skoða dagvistunarmál fyrir Bakkafjörð.

Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshafnar (GP)

Jóhanna aðstoðarskólastjóri flutti skýrslu skólastjóra GP þar sem Ingveldur skólastjóri var forföllur.

- Hulda Karen sérfræðingur í tvítyngdi kom hingað í heimsókn fyrir stuttu og var með góða og skemmtilega fræðslu fyrir kennara og einnig fyrir foreldra pólsku krakkanna. Ætlar að koma aftur og þá verður GB með.
- Heimabyggðarverkefnið. 8-10 bekkur hefur verið að vinna áfram í því. Margar hugmyndir hafa komið fram og mikil vinna verið lögð í þetta.
- Nemendur GP tóku þátt í stóru upplestrarkeppninni. Anna María Ólafsdóttir lenti þar í 3. sæti.
- Árshátíðin var haldin í gær og gekk hún mjög vel.
- Nemendur GP taka þátt í skólahreysti í dag. Búið að vera skemmtilegur aðdragandi og mikill spenningur fyrir þessu. Nemendur eru strax farnir að undirbúa sig fyrir næsta ár.
- Sundlaugin var lokuð í nokkurn tíma í vetur. Verið er að skoða möguleikann á því að bæta krökkunum það upp með meiri sundkennslu eftir páska.
- GP er að taka þátt í skólapúlси.

- Nemendur úr GP tóku þátt í tónhvíslinni á Laugum og stóðu sig vel. María kom inn á að hún og kennari á Raufarhöfn voru að tala um að það væri gaman að halda hæfileikahátíð fyrir krakkana á svæðinu. Fundarmenn tóku vel í það.
- Starfsfólk GP tók þátt í Norðurbingsdeginum. Jóhanna kom inn á að þar hefði verið m.a. fjallað um skólanámskrá. Telur það muni nýtast ágætlega í þá vinnu sem framundan er. Telur að dagurinn nýtist vel allavega fyrir skólastjórnendur.
- Komin ný og glæsileg kaffistofa. Ljósritun og prentaðstaða er komin í aðstöðu inn á gamla gangi.
- Ingveldur og Jóhanna deila ekki lengur skrifstofu og eru búnar að skipta meira með sér verkum.
- Gengur betur með byrjendalæsið núna heldur en fyrir áramót.
- Ingvar verður hérna aftur 17. maí.
- Þorabrót GB var haldið á Þorranum og var vel heppnað.
- Skólaþjónustan hefur verið mikill stuðningur við starfið í GP að undanfögnu.
- Verið er að innleiða nýtt námsmat í GP. Stefnt að því að bjóða kennurum upp á námskeið vegna þessa.
- Samtalsdagarnir sem hafa verið teknir í ár teljast skóladagar. Það má hins vegar ekki næsta vetur. Næsta vetur verður útivistardagar og samtalsdagar hafðir sama daginn.
- Mikil veikindi hjá starfsfólki og börnum í lok febrúar og byrjun mars. Þessi veikindi höfðu áhrif á daglegt skólastarf. Einnig talsvert um frí í skólanum. Nokkuð sem þarf að ræða
- Starfsmannaviðtölin eru langt komin. Sóley Vífilsdóttir hætir á föstudaginn og Petra Kristjánsdóttir tekur við 3.-4. bekk.
- Auglýst verður eftir starfsfólki á öll stig á næstunni fyrir næsta skólaár. Komnar nokkrar umsóknir fyrir næsta skólaár.
- Ingveldur og Jóhanna fagna því að skólastjórar fari að funda meira reglulega.
- Nordplus og Olweusáætlunin eru í fullum gangi.
- Skólaheimsóknir hefjast eftir páska. Þá munu elstu börnin á leikskólanum fá að dvelja dagpart í grunnskólanum.
- Spurt út í agamál og vinnufrið í skólanum. Jóhanna segir að búið sé að taka á ýmsum agavandamálum og vinnufriður í skólanum sé bara nokkuð góður.

Starfsmannahald næsta skólaárs

GB: Bylgja Sigurbjörnsdóttir kennari á Bakkafirði mun hætta í vor en hún er að fara að kára sitt nám. Vantar einn starfsmann næsta haust á Bakkafirði. Starfið verður auglýst fljótlega.

Leikskóli: Marta er búin að segja upp. Þarf að skoða starfsmannamál í ljósi þess. Eru frekar undirmannaðar eins og er. Þarf hugsanlega að bæta við ½ stöðugildi í leikskólann.

GP: Það verða einhverjar breytingar. Nú þegar liggja fyrir umsóknir fyrir næsta skólaár. Einnig verður auglýst eftir kennurum um páskana á öll skólastig.

Faglegt starf skólanna

Faglegt starf innan skólanna rætt. Margt búið að vera í gangi í vetur. Verið er að takast á við nýja kennsluhætti, námsmat og fleira. Þetta gengur vel og er að skila sér á jákvæðan hátt inn í skólastarfið.

Húsnæðismál

Farið yfir þá vinnu sem hefur farið fram varðandi undirbúning á byggingu á nýjum leikskóla og þær hugmyndir sem hafa komið fram varðandi sambyggingu á leikskóla og grunnskóla. Þetta er ennþá á hugmyndarstigi. Eins sagt frá hugmyndum um stækkun á húsnæði grunnskólans samhliða byggingu leikskóla.

Raungreinakennsla

Siggeir kom inn á mikilvægi þess að efla raungreinakennslu í báðum skólunum. Búið er að ákveða að taka þetta sérstaklega fyrir og að farið verði í þessa kennslu meðvitað í haust. Þarna gæti legið einhver kostnaður við að koma upp aðstöðu og slíku en ýmisslegt er til nú þegar. Margar nýjungar eru mögulegar s.s. forrit í tölvu þar sem hægt er að gera tilraunir.

Umbótaáætlun

Farið var yfir drög að svari til menningar og menntamálaráðuneytisins vegna umbótaráætlunar á fræðslunefndarfundi í janúar sl. Í framhaldi af því klárðu Ingveldur og Siggeir svarið og sendu á menningar og menntamálaráðuneytið. Endanlegt svar var afhent fræðslunefnd á fundinum.

Samstarf skóla, foreldra og samfélags

Margt gott hefur verið í gangi í samstarfi skóla, foreldra og samfélagsins í heild. Mikilvægt að tryggja gott samstarf um skólana. Þetta fer fram í gegnum mentor, heimasíðu, föstudagspóst, foreldraviðtölum, einstaklingsmiðuðu námi, námsmati, skólapúlsinum, uppákomum á vegum skólanna og fleira. Þá hafa bekkjartenglar einnig mikilvægt hlutverki að gegna og gaman þegar bekkir koma saman ásamt foreldrum og gera eitthvað saman.

Skólaþjónustan

Staðan á samningi við skólaþjónustuna kynnt. Áfram verður unnið í þessum málum.

Ákveðið að skólastjórar hittist sem fyrst og fundi vegna skólaþjónustunnar og fari yfir stöðuna.

Skólastefna

Skólastenfa Langesbyggðar er búin að vera á dagskrá lengi. Þetta er mikil vinna og kallar á mikla yfirlegu.

Jóhanna aðstoðarskólastjóra var falið fyrir nokkru að fara að undirbúa þá vinnu. Hún hefur verið að kynna sér skólastefnur og vinnu sambandsins í þeim efnum og safna saman upplýsingum.

Samkvæmt leiðbeinandi ferli sem sambandið gaf út þarf að byrja á stöðumati og skilgreina framtíðarsýn á skólamálum í Langesbyggð. Stöðumat, hlutverk og hvaða gildi viljum við viðhafa og hvar erum við stödd í þeim efnum. Síðan þarf að spyrja sig hvernig við sjáum skólastarfið eftir 10 ár.

Skólastefna kemur öllum við og því þarf samfélagið í heild sinni að koma að því að mynda stefnuna.

Jóhanna mun halda áfram við gagnaöflu og að vinna í grunnvinnu skólastefnunnar. Í framhaldi af því munu íbúar og starfsmenn koma að þessari vinnu.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 18:42